

Húsnæðisstyrkir til sjálfstætt starfandi leikskóla frá 1. janúar 2010

Þeir sjálfstætt starfandi leikskólar sem gert hafa þjónustusamning við Leikskólasvið Reykjavíkurborgar fá greidda húsnæðisstyrki vegna þeirra barna sem þeir fá greidda rekstrarstyrki með.

Fjárhæð húsnæðisstyrkja vegna barna í sjálfstætt starfandi leikskólum er:

	Fjárhæð pr barn á mánuði (styrkur er gr. í 11 mánuði á ári)	Fjárhæð pr barn á mánuði (styrkur er gr. í 12 mánuði á ári)
Leikskóli sem fékk stofnstyrk fyrir meira en tíu árum síðan eða hefur ekki fengið stofnstyrk	15.798 kr.	14.481 kr.
Leikskóli sem fékk stofnstyrk fyrir minna en tíu árum síðan	11.058 kr.	10.136 kr.
Leikskólar sem eru í húsnæði í eigu Reykjavíkurborgar og greiða ekki leigu fyrir afnot þess.	0 kr.	0 kr.

Árlegur húsnæðisstyrkur fyrir hvert barn er reiknaður út á eftirfarandi hátt:

1. Fyrir þá leikskóla sem fá húsnæðisstyrk greiddan í 11 mánuði á ári gildir:

Í áætlaðan húsaleigukostnað allra borgarrekinnna leikskóla á ársgrundvelli, þ.e. fyrir 12 mánaða tímabil er deilt með áætluðum fjölda barna í leikskólum borgarinnar. Mánaðarlegur húsnæðisstyrkur fyrir hvert barn nemur 1/11 af árlegum húsnæðisstyrk, ekki er greitt í júlímánuði.

2. Fyrir þá leikskóla sem fá húsnæðisstyrk greiddan í 12 mánuði á ári gildir:

Í áætlaðan húsaleigukostnað allra borgarrekinnna leikskóla á ársgrundvelli, þ.e. fyrir 12 mánaða tímabil er deilt með áætluðum fjölda barna í leikskólum borgarinnar. Mánaðarlegur húsnæðisstyrkur fyrir hvert barn nemur 1/12 af árlegum húsnæðisstyrk.

Húsnæðisstyrkur er endurskoðaður í janúar ár hvert í samræmi við fjárhagsáætlun Leikskólasviðs og áætlaðan fjölda barna í leikskólum Reykjavíkur á rekstrarárinu.

Hluti af húsnæðisstyrknum er vegna fasteignaskatta og því geta leikskólar sem fá greiddan húsnæðisstyrk ekki sótt um sérstaka lækkun á fasteignasköttum umfram það.